

Villinganesvirkjun

Mat á umhverfisáhrifum

Fornleifaskráning í hluta lands Tyrfingsstaða,
Keldulands, Stekkjarflata og Villinganess



Katrín Gunnarsdóttir
október 1999
Byggðasafn Skagfirðinga

1



Efnisyfirlit

	bls.
Inngangur	2
Verkefnið	2
Varðveisla fornminja	2
Tyrfingsstaðir	4
Kelduland	18
Stekkjjarflatir	22
Villinganes	24
Niðurstöður	32
Staðsetning svæðisins	34
Yfirlitskort	35

Forsíðumyndin er af torfbænum að Tyrfingsstöðum, séð frá veginum til vesturs yfir í land Villinganess. Ljósmynd Katrín Gunnarsdóttir 1999.

Inngangur

Eftirfarandi fornleifaskráning var framkvæmd vegna undirbúnings á umhverfismatsskyldum framkvæmdum í sambandi við fyrirhugaða Villinganesvirkjun í Skagafirði. Þær jarðir sem verða fyrir röskun af þeim völdum eru: Kelduland, Stekkjarflatar og Tyrfingsstaðir í Akrahreppi, og Villinganes í Sveitarfélaginu Skagafirði. Verkbeiðandi, Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen, óskaði eftir að Byggðasafn Skagfirðinga tæki að sér umhverfismat með tilliti til fornleifa. Verkið var unnið af Katrínu Gunnarsdóttur fornleifafræðingi.

Verkefnið

Fyrirhugað svæði var kannað daganna 23/8 - 25/8 og 24/9 1999. Við vettvangsrannsóknina voru skráðir 38 minjastaðir á fyrirhugðu vikjunarsvæði eða nánasta umhverfi hennar. Minjarnar eru númeraðar frá 1-38.

Teknar voru 76 ljósmyndir af skráðum minjum, og fylgja 15 þeirra með þessari skýrslu.

Rannsakað var svæði það sem fer undir vatn og mannvirki vegna fyrirhugaðrar Villinganesvirkjunnar og framkvæmda á því svæði. Þetta svæði er annars vegar í Akrahreppi austan megin Héraðsvatna í landareign Stekkjarflata, Keldulands og Tyrfingsstaða. Hins vegar vestan Héraðsvatna í Sveitarfélaginu Skagafirði í landareign Villinganess.

Stuðst er við loftmyndir af svæðinum í kvarða 1:4000, túnakort frá 1918 og 1919, kort og skýrslu frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, kaflann "Söguminjar" úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) "Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði", samantekt Rósmundar G. Ingvarssonar "Villinganes 1", Örnefnastofnun 1980, viðtal Hjalta Pálssonar við Aðalstein Eiríksson 1997, samantekt Hjalta Pálssonar á sögu Tyrfingsstaða, samantekt Hjörleifs Kristinssonar "Tyrfingsstaðir", Örnefnastofnun 1978, skýrslu og teikningar danskra arkitektanema um Tyrfingsstaði frá 1975, samantekt Sigríðar Sigurðardóttur um Tyrfingsstaði á Kjálka 1999, Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781 - 1952, 2. og 3. hefti, 1952. Auk þess viðtöl við ábúendur jarðanna í ágúst og september 1999.

Varðveisla fornminja

Tilgangur Þjóðminjalaga nr. 88/1989 er m.a. að tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar, þar á meðal fornleifa. Í 16. gr. laganna er eftirfarandi skilgreining á fornleifum:

16. gr. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
 - b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
 - c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
 - d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
 - e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki; þjóðminjalög. 1. gr. l. nr. 88/1989.
 - f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
 - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
 - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
 - i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
- Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 18.gr.

Þjóðminjalögin leggja landeigendum, ábúendum og framkvæmdaaðilum nokkrar skyldur á herðar til verndar fornleifum og er þeirra getið í 17., 19., 20. og 21.grein laganna.

17. gr.

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til.

19. gr.

Skýlt er landeiganda og ábúanda að gera Þjóðminjasafni Íslands viðvart ef fornleifar liggja undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða þeim er spilt af manna völdum. Þjóðminjasafn ákveður þá hvaða ráðstafanir skuli gerðar til verndar fornleifunum.

20. gr.

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er úrskurður fornleifanefndar um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

21. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundu leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð og veitulagnir, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um efni þessarar greinar.

Við mat á umhverfisáhrifum skal fornleifafræðingur fara um svæðið og kanna hvort nokkrar minjar af þeim toga sem tilgreindar eru í þjóðminjalögum séu í hættu vegna framkvæmda. Hann skráir allar minjar og sögustaði, sem þar kunna að vera sýnilegar, eða heimildir geta um.

Fornleifafræðingur skilar viðkomandi aðilum skýrslu um minjarnar og sjónarmið minjavörslunnar eins fljótt og við verður komið. Í niðurstöðum skýrslunnar er lagt mat á minjar sem kunna að finnast og umsögn gefin um áhrif framkvæmda á þær.

Tyrfingsstaðir

Í landi Tyrfingsstaða voru skráðar 23 minjar á vettvangi, nr. 1-23.



Tyrfingsstaðir, vesturhlið, teikning danskra arkitektanema, 1975.

1

Tegund minja:	Bæjarstæði.
Landareign:	Tyrfingsstaðir.
Sérheiti:	Tyrfingsstaðir.
Staðhættir:	Bærinn stendur neðan Kjálkavegar. Landinu hallar nokkuð niður að honum.
Lýsing:	Bærinn stendur efst í túninu og vísar framliðin í vestur. Þetta er torfbær, með framhúsi, framhliðin er timburklædd, og vel heilleg. Veggheðslur eru úr klömbruhnaus og streng. Jörðin á Tyrfingsstöðum var talin 20 hundruð að fornu mati. Árið 1478 keypti Einar ábóti á Munkaþverá í Eyjafirði Tyrfingsstaði af Árna bónda Höskuldssyni í Engey í makaskiptum fyrir 20 hundruð í jörðinni Vík á Seltjarnarnesi, þ.e. Reykjavík. Tyrfingsstaðir voru bændaeygn, en mjög lengi í leiguábúð. Oddur Einarsson sem bjó hér fyrir og eftir aldamótin 1900 var eigandi jarðarinnar. Flest húsanna á Tyrfingsstöðum eru byggð á árunum 1870-1895 en mörg þeirra voru endurhlaðin og löguð árið 1960. Framhúsið, fremsta hús bæjarins sem snýr timburhlið að hlaði, byggði Oddur Einarsson 1904. Hann var góður verkmaður og laginn við trésmíðar en ekki þekktur sem slíkur. Þetta er eina húsið sem enn stendur, sem vitað er að hann smíðaði. Hann mun hafa fengist við að byggja fjárhús og fjós fyrir bændur á þessum tíma. Gamla hlóðældhúsið var notað fyrir þvotta og til að reykja kjöt og silung. Er það enn mjög heillegt. Bænum er skipt í baðstofu, göng, framhús, hlóðældhús og búr. Innangengt er í lambahús og fjós. Bæjardyr eru á miðju framhúsinu og eru herbergi sitt til hvorrar handar, annarsvegar stofa og hinsvegar geymsla. Í stofunni eru veggir klæddir sléttuðum tunnustöfum og hefur verið veggfóðrað á striga í því húsi. Þetta er eina húsið hér um slóðir sem vitað er um að hafi verið þiljað með tunnustöfum og lýsir vel hugmyndaríki og nægjusemi afdalabóndans. Frá bæjardyrum eru göng inn í húsið. Árið 1960 var baðstofunni skipt í þrennt, í tvö svefnherbergi og eldhús. Bærinn fór í eyði 1969. Síðustu ábúendur á Tyrfingsstöðum voru hjónin Jóhann Eiríksson og Freyja Ólafsdóttir sem bjuggu þar á árunum 1924-1969, seinustu árin í sambýli við Kristínu dóttur sína.
Hlutverk:	Heimili/fjós/lambakró.
Hættumat:	Staðurinn er í 40 metra fjarlægð frá vegastæði á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Er því hætt við miklum átroðningi á námunda við hann, og er hann því í ákveðinni hættu ef ekki er að gáð.
Heimild:	Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði. Túnakort frá 1919. Hjalti Pálsson samantekt á sögu Tyrfingsstaða. Sigríður Sigurðardóttir: Um Tyrfingsstaði á Kjálka, 1999. Viðtal við Kristínu Jóhannsdóttur í júlí 1999.

2

Tegund minja:	Hestarétt/fjós.
Landareign:	Tyrfingsstaðir.
Staðhættir:	Hestaréttin stendur næst bænum að sunnan.
Lýsing:	Veggir úr torfi innan þess grindverk, og er það voldugast á austurhlið réttarinnar. Inngangur á vesturhlið út á hlaðið.
Hlutverk:	Hestarétt, áður fjós.
Hættumat:	Réttin er í um 40 metra fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Réttin er sambyggð Tyrfingsstöðum og er því á mjög viðkvæmu svæði.
Heimild:	Teikningar eftir danska arkitektanema, 1975. Viðtal við Krístinu Jóhannsdóttur í júlí 1999.



Horft í norð-austur heim að Tyrfingsstaðabænum, hestaréttin til hægri við bæinn.
Ljósmynd K.G. 1999.

3

Tegund minja: Hesthús.
Landareign: Tyrfingsstaðir.
Staðhættir: Við Tyrfingsstaðabæinn í suður áfast við hestarréttina sem stendur næst bænum.
Lýsing: Vesturhliðin er úr timbri og snýr fram á hlaðið, inngangur er þar með flekahurð og gluggi með gleri, til hliðar við hana. Þakið mikið hrúnið en sperrur þó heilar.
Hlutverk: Hesthús.
Hættumat: Hesthús þetta er í um 40 metra frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, en er sambyggt Tyrfingsstöðum og er því á mjög viðkvæmu svæði.
Heimild: Teikningar danskra arkitektanema, 1975.
Viðtal við Krístinu Jóhannsdóttur í júlí 1999.


4

Tegund minja: Hænsnakofi.
Landareign: Tyrfingsstaðir.
Staðhættir: Stendur syðst í bæjarlengju Tyrfingsstaða.
Lýsing: Hænsnakofinn er syðsta bygging Tyrfingsstaðabæjarins, með framhlið úr timbri sem snýr í vestur. Aðrir veggir eru úr torfi, þakið úr torfi er að mestu heilt. Hænsnakofinn var byggður á tóftum gamalla smiðju.
Hlutverk: Hænsnakofi, áður smiðja.
Hættumat: Staðurinn er í 40 metra fjarlægð frá fyrirhuguðu vegarstæði. Er því hætt við miklum átroðningi á námunda við hann, og er hann því í vissri hættu ef ekki er að gáð.
Heimild: Teikningar danskra arkitektanema, 1975.
Viðtal við Krístinu Jóhannsdóttur í júlí 1999.

5

Tegund minja: Fjárhús.
Landareign: Tyrfingsstaðir.
Staðhættir: Frá gamla bænum, í vestur um 10 metra, farið yfir traðirnar. Fjárhúsið var kallað “kofinn úti á hlaðinu”.
Lýsing: Torfhúsin eru nokkuð heilleg, um 5 metrar á breidd og 7 metrar á lengd. Þakið er heilt og grasi gróið, Veggjaþykkt er um 1 m og hleðsluhæð um 1,5 m. Inngangur er á suður- og vesturhlið. Húsið er nú notað sem hlaða.
Hlutverk: Fjárhús/hlaða.
Hættumat: Fjárhúsið er í 20 metra fjarlægð frá fyrirhuguðu vegastæði, og eru því í töluverði hættu.
Heimild: Túnakort frá 1919.
Teikningar danska arkitektanema frá 1975.
Viðtal við Krístinu Jóhannsdóttur í júlí 1999.

Sjá flatarteikningu af Tyrfingsstöðum á næstu síðu, fjárhús, neðst í horni til vinstri.




Flatarteikning af Tyrfingsstöðum eftir danska arkitektanema, 1975.

6

- Tegund minja:** Fjós/hlaða.
- Landareign:** Tyrfingsstaðir.
- Staðhættir:** Í norðaustur frá nyrstu húsum Tyrfingsstaða, yfir traðirnar. Trékubbur merktur jarðstrengur er þar sem fjósið/hlaðan hefur staðið.
- Lýsing:** Þarna var sléttað árið 1989, eftir stendur u.þ.b. 2 m löng grjóthleðsla sem er í norður suður, um 0.40 m á breidd og 0.30 m á hæð.
- Hlutverk:** Fjós/hlaða.
- Hættumat:** Staður þessi er í 30-40 metra fjarlægð frá fyrirhuguðu vegastæði á framkvæmdasvæðinu og ekki í mikilli hættu.
- Heimild:** Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði. Túnakort frá 1919. Viðtal við Krístinu Jóhannsdóttur í júlí 1999.


Sjá flatarmynd af Tyrfingsstöðum hér að ofan, fjós/hlaða efst til vinstri.



Flatarteikning af fjárhúsi. Teikn. K.G.

Tegund minja:	Fjárhús.
Sérheiti:	Pálshús.
Landareign:	Tyrfingsstaðir
Staðhættir:	Í túninu 120 metra í suð-vestur frá gamla bænum.
Lýsing:	Tóftin er 10 - 11 metrar á lengd og 9 metrar á breidd, utanmál. Veggjaþykkt er 1 - 2 metrar, hleðsluhæð allt að 1 metri. Tóftin skiptist í kró og hlöðu, og hefur verið innangengt milli þeirra. Inngangur er í vestur. Á austurhlið tóftarinnar er smá útskot með inngangi í norður og þar var heytóft.
Hlutverk:	Fjárhús.
Hættumat:	Fjárhúsið er í 200 metra fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu og er því ekki í beinni hættu.
Heimild:	Túnakort frá 1919. Tyrfingsstaðir, Hjörleifur Kristinsson, Örnefnastofnun 1978. Viðtal við Kristínu Jóhannsdóttur í júlí 1999.

Tegund minja:	Fjárhús.
Sérheiti:	Surtlukofi.
Landareign:	Tyrfingsstaðir.
Staðhættir:	Í miðju túni miðja vegu milli gamla bæjarins og fjárhúss neðst í túni.
Lýsing:	Ekkert sést af fornleif vegna túnasléttunnar 1955.
Hlutverk:	Fjárhús.
Hættumat:	Staður þessi er í 200 metra fjarlægð frá fyrirhuguðum vegaframkæmdum og því ekki í beinni hættu.
Heimild:	Túnakort frá 1919. Viðtal við Kristínu Jóhannsdóttur í júlí 1999.




Flatarteikning af fjárhúsi. Teikn. K.G.

Tegund minja:	Fjárhús.
Sérnafn:	Hólhús.
Landareign:	Tyrfingsstaðir.
Staðhættir:	Frá gamla bænum, 150 metra í vestur í túninu.
Lýsing:	Tóftin er 13 metrar á lengd og 9-10 metrar á breidd. Tóftin skiptist í kró og hlöðu. Veggirnir eru 1–2 metrar að þykkt. Þar sem enn sést vel í hleðslur er grjóthleðsla neðst 0.80 m á hæð og ofan á það kemur torf sem er allt að 1,3 m á hæð. Veggir eru mikið hrundir, en þakstoðir standa enn uppi í miðju húsinu eins og gangur. Í miðjunni hefur verið garður, en hann er ekki lengur sýnilegur. Þakið er hrunið þar yfir, en hangir enn uppi yfir suðurhlutanum.
Hlutverk:	Fjárhús/hlaða.
Hættumat:	Tóft þessi er í fyrirhuguðu vegarstæði á framkvæmdasvæðinu og mun því hverfa.
Heimild:	Túnakort frá 1919. Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði. Viðtal við Krístinu Jóhannsdóttur í júlí 1999.




Horft í norðaustur yfir Hólhús. Ljósmynd K.G. 1999.



Tyrfingsstaðir 1.23

Flatarteikning af hestúsi. Teikn K.G.

Tegund minja:	Hesthús.
Landareign:	Tyrfingsstaðir.
Staðhættir:	Í um 150 metra í suður frá gamla bænum, í miðju túni.
Lýsing:	Tóftin er 10-11 metra löng og 6-8 metra breið. Hleðsluhæð allt að 1,5 metrar. Þykkt veggja 1 - 1,5 m. Þetta er tveggja króa hús. Ein kró með inngangi í austur og öðrum í vestur. Á vesturhlið er skeifulaga útskot, sem er leifar fallinna tóftardyra, sem voru boghlaðnar. Tóftin er mikið hrunin, norðurhliðin er þó að mestu uppistandandi. Þegar hætt var að nota húsið fyrir hesthús, var steipt í það baðkar fyrir kindur, og er það þar enn.
Hlutverk:	Hesthús/ fjárbað.
Hættumat:	Hús þetta er í 30 metra fjarlægð frá fyrirhuguðu vatnsborði og er varla í beinni hættu.
Heimild:	Túnakort frá 1919. Viðtal við Krístinu Jóhannsdóttur í júlí 1999.




Flatarteikning af fjárhúsi/hlöðu. Teikn. K.G.

- Tegund minja:** Fjárhús/hlaða.
Landareign: Tyrfingsstaðir.
Staðhættir: Í túninu, um 130 metra í vestur frá gamla bænum.
Lýsing: Tóftin er um 12 - 13 metrar á lengd og 9 - 10 metrar á breidd. Tóftin skiptist hlöðu og þrjár krær. Krærnar eru samhliða, en hlaðan fyrir endanum. Innangengt er úr krónum í hlöðuna. Inngangur er á austurhlið í hlöðuna, inngangar í krærnar á vesturhlið og suðurhlið, en þar sem þakið er fallið yfir nyrðri króna sést inngangurinn ekki lengur.
 Veggir eru nokkuð heillegir í hlöðunni, hleðsluhæð allt að 1,6 metrar, veggjaþykkt um 1 metri. Þakið er fallið, en þaksperrur hanga þó enn uppi. Í krónum eru veggir mikið hrundir og þök alveg hrunin.
Hlutverk: Fjárhús/hlaða.
Hættumat: Húsin eru í um 60 metra fjarlægð frá vegarstæði og er því ekki í beinni hættu.
Heimild: Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði.
 Túnakort frá 1919.
 Viðtal við Krístinu Jóhannsdóttur í júlí 1999.



Landamerkjasteinn horft til norðurs. Áletrun í norð-austur horni, upp að girðingu.
Ljósmynd K.G. 1999

Tegund minja:	Landamerkjasteinn.
Landareign:	Tyrfingsstaðir.
Staðhættir:	Upp af Gatkletti í horni milli tveggja girðinga. Lækur er í þriggja metra fjarlægð í norður.
Lýsing:	Steinninn er grágrýti 1,8 x 1,8 m og hæðin 0,8 m. Á steinninn að ofan, norð-austan til er læsileg áletrunin M... , sem samkvæmt landamerkjabréfi á að vera MCM.
Hlutverk:	Landamerkjasteinn.
Hættumat:	Staðurinn fer undir vatn, og steinninn mun því hverfa.
Heimild:	Örnefnastofnun, Hjörleifur Kristinsson 1978.




Flatarteikning af rétt. Teikn. KG.

- Tegund minja:** Rétt.
- Landareign:** Tyrfingsstaðir.
- Staðhættir:** Í Bæjarhvammi, suð-vestur frá Tyrfingssöðum, frá bílaslóðinni sem liggur niður að ánni, á smá sléttu neðan við grasi gróna brekku.
- Lýsing:** Stærð réttarinnar 14 metrar á lengd og 10 metrar á breidd að utanmáli. Veggir eru hlaðnir úr grjóti, þykkt hleðslu um 1 metri. Hleðsluhæð er um 0,2 -0,3 m. Inngangur er á vesturhliðinni. Innra hólf er í réttinni sem er 6 metrar á lengd og 3 metrar á breidd., hleðsluhæð um 0,2 - 0,3 m, veggjaþykkt um 0,3 -0,5 m. Inngangur í það er á vestuhlið, og er á ská við innganginn í stærra hólfinu.
- Hlutverk:** Rétt.
- Hættumat:** Staðurinn fer undir vatn og réttin mun því hverfa.
- Heimild:** Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði. Tyrfingsstaðir, Hjörleifur Kristinsson, Örnefnastofnun, 1978.



Horft yfir réttina til austurs. Réttin er fyrir miðri mynd fyrir neðan vegarslóða. Ljósmynd K.G. 1999.



Flatarteikning af stekk. Teikn. K.G.

- Tegund minja:** Stekkur.
Landareign: Tyrfingsstaðir.
Staðhættir: Niður í Bæjarhvammi suður og niður undan Tyrfingsstöðum ef fylgt er bíslóðinni niður að ánni. Við enda slóðarinnar upp af sandeyrum í smá klettabelti.
Lýsing: Klettur mynda hliðar stekkjarins á norður- og suðurhlið og hluta austurhliðar. Hinn hluti austurhliðar er hlaðinn smá steinum eins og vesturhliðin. Ekki sést móta fyrir milliveggjum. Inngangur hefur verið í vestur. Stekkurinn er nokkuð heillegur, þó hefur aðeins hrúnið úr vesturhliðinni. Hleðsluhæð er allt að 0,8 m, veggjaþykkt um 1 metri.
Hlutverk: Stekkur.
Hættumat: Staðurinn fer undir vatn og mun því hverfa.
Heimild: Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði. Örnefnastofnun Tyrfingsstaðir Hjörleifur Krisinsson 1978. Viðtal við Krístinu Jóhannsdóttur í júlí 1999.



Horft til austurs yfir stekkin sem er fyrir miðri mynd. Ljósmynd K.G. 1999.

15

Tegund minja: Þvottalaug.
Landareign: Tyrfingsstaðir.
Staðhættir: Syðst niður af Bæjarhvammi er smá hylur í ánni við klettaskor.
Lýsing: Rétt upp af hylnum í austur sést í smá steinhleðslu, leifar af hlóðum, sem notaðar voru við ullarþvottinn.
Hlutverk: Þvottalaug til ullarþvottar.
Hættumat: Staðurinn fer undir vatn og mun því hverfa.
Heimild: Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði. Örnefnastofnun, Hjörleifur Kristinsson, 1978.



Þvottalaug, neðst fyrir miðju. Sést í hleðslubrot neðst vinstra megin fyrir ofan grastó.
Ljósmynd K.G. 1999.

16

Tegund minja: Lind.
Landareign: Tyrfingsstaðir.
Staðhættir: Frá Tyrfingsstaðabænum í norður, við girðingu sem er að nýbyggðu húsi í landi Tyrfingsstaða.
Lýsing: Ekkert sést af lindinni vegna jarðrasks.
Hlutverk: Kristín Jóhannsdóttir segir að þarna hafi verið hverfisteinn, og hafi faðir hennar notað hann til að brýna orf og ljái sveitarinnar. Úr lindinni var borið neysluvatn til bæjar. Síðar var lögð vatnsleiðsla úr lindinni í bæinn.
Hættumat: Staðurinn er rétt við vegalagningu á athafnasvæði fyrirhugaðrar virkjunnar og er því í hættu.
Heimild: Viðtal við Krístinu Jóhannsdóttur, sept. 1999.

17

Tegund minja: Öskuhaugur.
Sérnafn: Öskuhóll.
Landareign: Tyrfingsstaðir.
Staðhættir: Frá Tyrfingsstaðabænum í norður, við endann á rabbabarabeði í norður.
Lýsing: Ekkert sést nema grasigróið hóldrag.
Hlutverk: Öskuhaugur.
Hættumat: Öskuhóll er rétt við vegarstæði fyrirhugaðar virkjunnar og er því í mikilli hættu.
Heimild: Viðtal við Krístinu Jóhannsdóttur, sept 1999.


18

Tegund minja: Kvíhóll.
Landareign: Tyrfingsstaðir.
Staðhættir: Smá hæð sunnan megin við traðirnar í austur frá Tyrfingsstaðabænum.
Lýsing: Slétt smá hæð, ekkert sem sýnir merki um hleðslur.
Hlutverk: Kvíaból.
Hættumat: Þar sem staðurinn er 80-100 metra frá fyrirhugaðum framkvæmdum á svæðinu er hann ekki í beinni hættu.
Heimild: Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði.
 Viðtal við Krístinu Jóhannsdóttur í sept. 1999.

19

Tegund minja: Smiðjuhóll.
Landareign: Tyrfingsstaðir.
Staðhættir: Suður af Tyrfingsstaðabænum, þar sem hænsnakofinn stendur.
Lýsing: Á hólnum stendur nú hænsnakofi Tyrfingsstaðabæjarins.
Hlutverk: Smiðja.
Hættumat: Þar sem staðurinn er í tengslum við torfbæinn í um 40 metra fjarlægð frá fyrirhugaðum vegaframkvæmdum, má búast við miklum átroðningi kringum hann.
Heimild: Túnakort frá 1919.
 Viðtal við Krístinu Jóhannsdóttur í sept. 1999.

20




Flatarteikning af beitarhúsum. Teikn. K.G.

Tegund minja: Beitarhús.
Landareign: Tyrfingsstaðir.
Sérheiti: Gerði.
Staðhættir: Á svæði, sem nefnist Gerði. Um 450 metra í norður frá nýja húsinu á Tyrfingsstöðum, þaðan 50 metra til austurs, á smá hól fyrir ofan veginn.
Lýsing: Tóftin er að mestu grasi gróin og nokkuð sigin, 12 metrar á lengd og 12 metrar á breidd að utanmáli. Veggjaþykkt um 1 metri, hleðsluhæð 0 - 0,4 m, inngangur í vestur. Sést móta fyrir garði í austur vestur og millivegg í norður suður. Óljós veggur á suðurhlið.
Hlutverk: Fjárhús, síðast notað fyrir hross.
Hættumat: Útihús þessi er ekki á framkvæmdasvæðinu, og er því ekki í hættu.
Heimild: Túnakort frá 1919.
 Viðtal við Krístinu Jóhannsdóttur, sept. 1999.

21

Tegund minja: Túngarður.
Landareign: Tyrfingsstaðir.
Staðhættir: Rétt norðan Kvíhóls, liggur í austur - vestur út frá girðingu að akvegi.
Lýsing: Garðurinn er grasi gróinn og sjást aðeins tæpir 50 metrar af honum. Hann er um 0,8 metra breiddur og um 0,2 - 0,5m á hæð.
Hlutverk: Túngirðing.
Hættumat: Vesturendi garðsins er í um 50 metra fjarlægð frá fyrirhugðum vegi á framkvæmdasvæðinu, og er ekki í beinni hættu.
Heimild: Landmælingar ríkisins: Loftmynd frá 1996.
Viðtal Kristínu Jóhannsdóttur, sept 1999.

22



Flatarteikning af stekki. Teikn. K.G.

Tegund minja: Stekkur.
Landareign: Tyrfingsstaðir.
Staðhættir: Í norð-vestur frá Tyrfingsstöðum, fremst á Stekkjarhöfða.
Lýsing: Stekkurinn er grasi gróinn og nokkuð siginn, 9 metrar á lengd og 5 metrar á breidd. Veggjaþykkt um 1 metri, hleðsluhæð 0,2 -0,3 m. Skiptist í kró og lambastíu. Króin er 3 x 4m og lambastían 3 x 2m.
Hlutverk: Stekkur.
Hættumat: Stekkurinn er uppi á klettum í nokkurri hæð yfir ánni. Áin er merkt sem frárennslisskurður á hönnunarteikningum, en þótt farvegi hennar yrði raskað yrði stekkurinn varla í hættu.
Heimild: Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði.


23

Tegund minja: Álagablettur.
Landareign: Tyrfingsstaðir.
Staðhættir: Í norðvestur frá Tyrfingsstöðum, niður af Nethól, í bratttri brekku niður við ána á mótis við nyrsta tún í Villinganesi.
Lýsing: Vel grasi gróin brött brekka niður að Héraðsvötnum, um 30 metrar á breidd og 100 metrar á lengd (hæð) niður að ánni.
Hlutverk: Álagablett þennan mátti ekki slá, því þá gat sá sem það gerði orðið fyrir því að missa úr bústofni sínum, t.d. kú.
Hættumat: Álagablettur þessi nær niður að ánni. Áin er merkt sem frárennslisskurður á hönnunarteikningum, og verði farvegi hennar raskað er álagabletturinn í hættu.
Heimild: Viðtal við Kristínu Jóhannsdóttur, sept 1999.

Kelduland

Í landi Keldulands voru skráðir 5 minjastaðir á vettvangi, nr. 24-28.

24




Flatarteikning af matjurtagarði. Teikn K.G.

Tegund minja:	Matjurtagarður.
Landareign:	Kelduland.
Staðhættir:	Í Bæjarhvammi þar sem Jökulsárnar mætast, við austari ána, í brekku á móti suðri, fremst á gilbarminum.
Lýsing:	Garðurinn er 25 metrar á lengd og frá 5 – 9 metrar á breidd, utanmál. Grasi gróin hleðsla allt frá 0,2 - 2 metrar á hæð, hleðsla lægst í suður en hæst í norður. Innan garðsins er grasi gróið.
Hlutverk:	Matjurtagarður.
Hættumat:	Garður þessi er á þeim stað sem fer undir vatn og mun því hverfa.
Heimild:	Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði.



Horft í suður yfir matjuragarð fremst og Jökulsá austari, rétt áður en að hún sameinast vestari ánni.
Ljósmynd K.G. 1999




Flatarteikning og sneiðing af stekk í Keldulandi. Teikn. K.G.

Tegund minja:	Stekkur.
Landareign:	Kelduland.
Staðhættir:	Niðri í Héraðsvatnagili rétt neðan við ármót Jökulsánnna, í Stekkjarhvammi (Keldulandshvammi). Gólfíð í stekknunum hallar um það bil 30 °.
Lýsing:	Grjótveggur hefur verið hlaðinn á milli kletta ofarlega í hvamminum, í norður – suður, hleðsluhæð allt að 1 metri. Í efsta hluta stekksins, upp undir grjóthleðslunni, hafa verið gróðursett tré, sem eru nú um 8 m á hæð, og auðveldar það að finna staðinn frá gilbrúninni. Neðar og suð-austar í hvamminum er önnur hleðsla L-laga sem myndar þríhyrnda lambakró með gilbarminn sem eina hlið. Hún er mjög gróin, um 0,5 m á breidd og hæðin um 0,2 - 0,3 m.
Hlutverk:	Stekkur.
Hættumat:	Staður þessi er á þeim stað sem fer undir vatn og mun því hverfa.
Heimild:	Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði.




Horft upp að brekkubrún til austurs frá neðri hluta stekkjarsins. Ljósmynd K.G. 1999.



Flatarteikning af fjárhúsum. Teikn. K.G.

Tegund minja:	Fjárhús.
Landareign:	Kelduland.
Staðhættir:	Frá Keldulandi í vestur í átt að ánni, niður af Bæjarhól í grasi gróinni brekku sem hallar á móti vestri niður að Bæjarhvammi.
Lýsing:	Tóftin er 9-10 metrar á lengd og 5 metrar á breidd að utanmáli, veggir eru mikið signir og illa sjánlegir, en mótar þó fyrir þeim ennþá ef vel er að gáð. Veggjaþykkt um 1 metri, og hleðsluhæð um 0,2 -0,3 m. Tóftin skiptist í hlöðu og eina eða tvær krær. Krærnar eru 5 - 6 metrar að lengd og hlaðan 2,5 m, en hvort tveggja er 3,5 m á breidd. Mótar fyrir inngangi milli hlöðunnar og krónna, en ekki sést hvar inngangur hefur verið í húsið. Austurhliðin er fremur óljós.
Hlutverk:	Fjárhús.
Hættumat:	Tóft þessi er í um 30 metra fjarlægð frá vatnsyfirborði og er því í nokkurri hættu.
Heimild:	Landmælingar ríkisins, loftmynd frá 1996. Viðtal við Stefán Hrólffsson bónda á Keldulandi, sept 1999.



Flatarteikning af fjárhúsum. Teikn. K.G.

Tegund minja:	Fjárhús.
Landareign:	Kelduland.
Staðhættir:	Frá Bæjarhólnum niður að Bæjarhvamminum til suðurs, aðeins til austurs upp af mótum jökulsánna, upp af matjurtagarði.
Lýsing:	Tóftin er mikið sigin og grasigróin, 12 metrar að lengd og 6,5m á breidd að utanmáli. Veggjaþykkt um 1 metri, hleðsluhæð um 0,2 -0,3 m. Tóftin skiptist í hlöðu og tvær krær. Það mótar fyrir inngangi á norð-vestur hlið í krærnar, sem eru til samans 6,5 x 5 metrar að innanmáli, en hlaðan er 2,5 x 5 metrar að innanmáli. Innangent er á milli hlöðunnar og krónna.
Hlutverk:	Fjárhús.
Hættumat:	Tóftin er í 20 metra fjarlægð frá vatnsyfirborði og er því í nokkurri hættu.
Heimild:	Landmælingar ríkisins, loftmynd frá 1996. Viðtal við Stefán Hrólffsson bónda á Keldulandi, sept 1999.

28

Tegund minja:	Bæjarhóll.
Sérheiti:	Bæjarhóll.
Landareign:	Kelduland.
Staðhættir:	Frá bænum að Keldulandi í vestur að ánni, á smá hól, og í framhaldi er Bæjarhvamur sem liggur niður að Jökulsánni.
Lýsing:	Þarna hefur verið sléttað fyrir löngu og ekkert sem bendir til að þarna hafi verið einhverjar byggingar.
Hlutverk:	Nafnið bendir til að hugsanlega hafi þarna verið gamla bæjarstæðið.
Hættumat:	Staður þessi er í um 100 metra frá vatnsyfirborði og er því ekki í mikilli hættu.
Heimild:	Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði. Sést á korti í þeirri skýrslu.

Stekkjjarflatir.

Í landi Stekkjarflata voru skráðir 2 minjastaðir á vettvangi, nr. 29 og 30.

29




Flatarteikning af þvottalaug. Teikn. K.G.

- Tegund minja:** Þvottalaug/baðpollur.
Sérheiti: Keldulandslaug.
Landareign: Stekkjarflatir.
Staðhættir: Fyrir sunnan og neðan bæinn að Keldulandi í Grjótárgili, sem er þröngt klettagil, á landamerkjum Keldulands og Stekkjarflatar.
Lýsing: Við heita uppsprettu í læknum hefur verið hlaðin upp smá laug sem er 2,5 x 2,5m, hleðsluhæð 0,7 m. Við suðurhlið laugarinnar er sléttur steinn sem er sæti fyrir þann sem í lauginni situr.
Hlutverk: Þvottalaug/baðlaug. Keldulandslaugin hefur verið notuð við þvotta frá ómunatíð. Hennar er getið í Skarðsannál, vegna slyss sem varð þar 1637. Þarna er enn hægt að baða sig og er það ennþá gert.
Hættumat: Svæði þetta fer undir vatn, og mun því laugin hverfa.
Heimild: Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði.
Viðtal við Hildigunni Þorsteinsdóttur, húsfreyju á Keldulandi í júlí 1999.



Horft til vesturs yfir þvottalaug/baðpoll, áin til hægri. Ljósmynd K.G. 1999.



Flatarteikning af matjurtagarði í landi Stekkjarflata. Teikn. K.G.

- Tegund minja:** Matjurtagarður.
Landareign: Stekkjarflatar.
Staðhættir: Upp af Grjótagili, í suður frá landamerkjum Keldulands og Stekkjarflatar, rétt áður en Jökulsárnar sameinast, í brattri grasi gróinni brekku á móti vestri.
Lýsing: Garðurinn er grasi gróinn og skiptist líklega í fjóra reiti. Þrír eru vel sjáanlegir, en sá fjórði er óljósari. Stærð 16 x 26 m að utanmáli. Hleðsluhæð 0,3 - 1,4 m og veggjaþykkt um 1 metri.
Hlutverk: Matjurtagarður.
Hættumat: Garðurinn er í jaðri væntanlegs vatnsyfirborðs, og er því í mikilli hættu.
Heimild: Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði.
 Landmælingar ríkisins, loftmynd frá 1996.
 Viðtal við Stefán Hrólffsson bónda á Keldulandi, sept. 1999




Horft til vesturs yfir matjuragarð á Stekkjarflötum. Ljósmynd K.G. 1999.

Villinganes


Í landi Villinganess voru skráðir 8 minjastaðir á vettvangi, nr. 31-38.

31




Flatarteikning af beitarhúsum. Teikn. KG.

Tegund minja:	Beitarhús/rétt.
Sérheiti:	Fremri hús.
Landareign:	Villinganes.
Staðhættir:	Tóft á svonefndum Fálkahaug, í smá laut norðan í hæð. Þegar staðið er á Fálkahaug og horft í vestur er staðurinn sjáanlegur. Fremri hús höfðu áður staðið rétt vestan við Fálkahaug, sem er áberandi melkollur (höfði á barmi Vatnagilsins), en voru færð út og upp á mel, sem er skammt frá, og voru síðast notuð sem rétt.
Lýsing:	Tóftin er um 8 metrar á breidd og og 7 - 8 metrar á lengd. Tóftin er mjög sigin og grasi gróin, veggghæð um 0,2 - 0,3 m og veggjaþykkt um 1 metri. Inngangar hafa verið tveir á móti austri. Tóftin skiptist í tvö hús. Annað er tveggja króa með garða á milli, hitt er ein kró.
Hlutverk:	Beitarhús/rétt. Efnið úr beitarhúsunun var síðan notað í rétt. Beitarhúsin voru síðast notuð í tíð Guðna Guðnasonar bónda 1870-1881.
Hættumat:	Útihúsin eru í um 70 metra fjarlægð frá vatnsborðinu og er því ekki í verulegri hættu.
Heimild:	Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði. Rósmundur G. Ingvarsson: Villinganes 1. Örnefnastofnun, 1980.




Flatarteikning af fjárhúsi. Teikn. K.G.

Tegund minja:	Fjárhús.
Sérheiti:	Ytri hús.
Landareign:	Villinganes.
Staðhættir:	Upp af Brattahvammi, á litlum hól milli mýrar í vestur og mels í austur, beint á móti efri skemmu á Keldulandi í austur.
Lýsing:	Tóftin er 13 metrar á lengd og 12 - 13 metrar á breidd. Tóftin er mikið sigin og grasi gróin, veggjaþykkt um 1 metri, veggjahæð um 0,4 m, en er víða horfin. Inngangur í tóftina er úr austri. Tvær krær eru alveg opnar í austur, en garði á milli þeirra er ekki sýnilegur. Við hliðina á þeim eru tvær krær með garða á milli. Aftan við er hlaða, en ekki sést móta fyrir inngangi í hana. Við hliðina sést móta óljóst fyrir hleðslu, og gæti þar hafa verið heytóft.
Hlutverk:	Fjárhús, síðast notuð í tíð Guðna Guðnasonar bónda 1870 - 1881.
Hættumat:	Útihúsin eru í 130 metra fjarlægð frá vatnsborðinu, og eru því ekki í mikilli hættu.
Heimild:	Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði. Rósmundur G. Ingvarsson: Villinganes 1. Örnefnastofnun, 1980.



Flatarteikning af fjárrétt. Teikn. K.G.

- Tegund minja:** Fjárrétt.
- Landareign:** Villinganes.
- Staðhættir:** Í suður frá Villinganesi á mel upp af og norð-vestur af tóft Fremri húsa, sem er á Fálkahausa.
- Lýsing:** Réttin er 14 metrar á lengd og 6 metrar á breidd, utnamál. Veggir nokkuð signir og grasigrónir, en sést þó í steinhleðslur, hleðsluhæð frá 0 - 0,4 m, veggjaþykkt 1 metri. Inngangur hefur verið á móti austri, ekki sést móta fyrir neinum milliveggjum. Efnið í réttina er tekið úr Fremri húsum.
- Hlutverk:** Rétt.
- Hættumat:** Réttin er í 100 metra fjarlægð frá vatnsyfirborði og er því ekki í mikilli hættu.
- Heimild:** Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði. Rósmundur G. Ingvarsson: Villinganes 1. Örnefnastofnun, 1980.




Flatarteikning af matjurtagarði. Teikn. K.G.

Tegund minja:	Matjurtagarður.
Landareign:	Villinganes.
Staðhættir:	Suð-austur af bænum Villinganesi, á móts við Gatklett. Í Stekkjarhvammi í grasivöxum bala við gljúfrið.
Lýsing:	Grasi gróinn ferhyrndur reitur, 18 metrar á lengd og 13 metrar á breidd að utanmáli. Veggir eru signir, um 1 - 1,5 metrar á þykki og um 0,3 metrar á hæð. Kringum reit þennan er skurður um 1,0 m á breidd og 0,5 metrar á dýpt. Það sést rétt móta fyrir inngangi í reitinn á suðurhlið. Engir milliveggir eru sjánlegir innan reitsins.
Hlutverk:	Matjurtagarður. Reitur þessi er matjurtagarður settur á rústir stekkjar sem þar var áður. Seinast þegar fært var frá voru kvíær geymdar í Stekkjarhvammi, árið 1925, en þá var fært frá af sérstökum ástæðum, annars var því hætt nokkru fyrr.
Hættumat:	Matjurtagarður þessi er á því svæði, sem fer undir vatn, og mun því hverfa.
Heimild:	Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði.



Horft til austurs yfir matjurtagarð í Stekkjarhvammi. Ljósmynd K.G. 1999.




Flatarteikning af stekki. Teikn. KG.

Tegund minja:	Stekkur.
Sérheiti:	Gamli stekkur.
Landareign:	Villinganes.
Staðhættir:	Norður frá Villinganesi frá vegaslóð niður að ánni í austur að svonefndri Klauf á gljúfurbrúnninni við ána.
Lýsing:	Stekkurinn er mjög siginn og grasi gróinn, en sýnilegur. Inngangur í hann er úr norð-austri. Austurhlið stekkjarsins er á gilbarminum. Stekkurinn skiptist í tvö hólfi, það fremra stærra 4 x 3 m, innra hólfið (lambakróin) 2 x 3 m og mótar fyrir dyrum á milli. Hleðsluhæð 0,2 - 0,8 m, veggjaþykkt um 1 metri.
Hlutverk:	Stekkur.
Hættumat:	Stekkurinn er alveg í jaðri yfirfallsskurðar, og er því í hættu.
Heimild:	Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði.



Horft til austurs yfir stekki á gilbarminum Héraðsvatna. Ljósmynd K.G. 1999.




Flatarteikning af matjurtagarði. Teikn. KG.

Tegund minja:	Matjurtagarður.
Landareign:	Villinganes.
Staðhættir:	Frá Villinganesi í austur eftir vegaslóð í gegnum túnið og upp brekku. Frá brekkunni í suður í brattri brekku á móti suðri niður að túni í austasta hluta Villinganes.
Lýsing:	Matjurtagarðurinn 20 x 20 metrar, allur grasi vaxinn, veggir nokkuð signir en þó vel sýnilegir. Hleðsluhæð frá 0 - 0,2 m. Þykkt veggja 0.5 - 1.0 m. Sést í einstaka steina í hleðslunni.
Hlutverk:	Matjurtagarður.
Hættumat:	Matjurtagarðurinn er á því svæði sem fer undir vatn og mun því hverfa.
Heimild:	Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði. Landmælingar ríkisins: Loftmynd frá 1996.



Horft til suð-austurs yfir matjurtagarðinn. Skemmur á Keldulandi í baksýn. Ljósmynd K.G. 1999.




Flatarteikning af tóft bæjarins Hrauns í landi Villinganess. Teikn. K.G.

Tegund minja:	Bæjarstæði.
Landareign:	Villinganes.
Sérheiti:	Hraun.
Staðhættir:	Í norður frá Villinganesi, við svo nefndar Klappir, við hraunjaðar, girt klöppum og melum á þrjá vegu.
Lýsing:	Tóftin er 8 x 20 metrar að utanmáli og er mikið gróin og hrunin. Skiptist í 3 - 4 rými með inngöngum á móti vestri. Hleðsluhæð 0,2 - 0,9 m, veggjaþykkt frá 1,0 - 2,0 m. Að sögn Aðalsteins Eiríkssonar í Villinganesi var baðstofan í miðju húsinu og fjós undir henni.
Hlutverk:	Þarna stóð bær í 54 ár. Þar byggði fyrstur Gísli Jónsson afi Jóns á Þangskála á Skaga árið 1825. Áður voru þar engin mannvirki svo vitað sé. Kotið mun hafa verið í byggð til 1879.
Hættumat:	Tóft þessi stendur í um 10 metra fjarlægð frá fyrirhuguðum flóðfarvegi á framkvæmdasvæðinu og er því í mikilli hættu.
Heimild:	Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði. Rósmundur G. Ingvarsson: Villinganes 1. Örnefnastofnun, 1980. Hjalti Pálsson: Viðtal við Aðalstein Eiríksson 1997. Jarða og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781 - 1952, 2.hefti.



Horft til suð-vestur að Villinganesi, yfir tóft bæjarins fremst á myndinni. Ljósmynd K.G.1999.



Flatarteikning af tóft af beitarhúsi við Hraun í landi Villinganess. Teikn. K.G.

Tegund minja:	Útihús.
Landareign:	Villinganes.
Sérheiti:	Hraun.
Staðhættir:	9 metra noðan við tóftina af bænum Hrauni.
Lýsing:	Veggir tóftarinnar eru signir og grasi grónir. Skiptist í 3 hólfi og er inngangur sjánlegur á vesturhlið. Hleðsluhæð er 0,2 -0,7 m, veggjaþykkt um 1 metri.
Hlutverk:	Fjárhús.
Hættumat:	Útihús þessi eru í um 10 metra fjarlægð frá fyrirhuguðum flóðfarvegi á framkvæmdasvæðinu, og eru því í mikilli hættu.
Heimild:	Söguminjar, úr skýrslu Helga Hallgrímssonar (1982) Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði. Rósmundur G. Ingvarsson: Villinganes 1. Örnefnastofnun, 1980.

Niðurstöður

Við vettvangskonunnunina voru skráðir 38 minjastaðir, þar af voru 8 í landi Villinganes, 6 á Keldulandi, 1 á Stekkjarflötum og 23 á Tyrfingsstöðum. Flestar þessar minjar munu vera frá síðari hluta 19 aldar og byrjun 20 aldar. Þvottalaug í Grjótagili í landi Keldulands hefur verið þar mjög lengi en heimildir eru um þvottlaug þar, frá 1637. Það má einnig leiða líkur að því að bærinn á Tyrfingsstöðum sem var reistur á árunum 1870 - 1904 á grunni eldri bæjar. Og e.t.v. sá bær á grunni enn þá eldri bæjar. Heimildir eru um búskað á Tyrfingsstöðum frá 1478, þegar höfð voru makaskipti á þeim og jörðinni Vík á Seltjarnanesi.

Minjar þessar tengjast búskapaháttum liðins tíma. Þetta eru allt hús sem tilheyrðu búskap fyrr á öldum, bær, fjárhús, hesthús, hlöður, stekkir, réttir, matjurtagarðar, túngarður og þottapollur/baðpollur. Hætt var að nota réttirnar og stekkina um 1938, þegar sauðfjárveikigirðingar voru reistar milli Norðurlands og Suðurlands, en síðustu ábúendur fluttu þaðan árið 1969.

Þessar minjar eru í mestri hættu vegna áætlaðra framkvæmda á **Tyrfingsstöðum**:

- Nr. 1 Bæjarstaðið á Tyrfingsstöðum er í um 40 metra fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu, og er því á mjög viðkvæmu svæði.
- Nr. 2 Hestaréttin er í um 40 metra fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu, en er sambyggð Tyrfingsstöðum, og er því á mjög viðkvæmu svæði.
- Nr. 3 Hesthúsið er í um 40 metra fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu, er sambyggð Tyrfingsstaðabænum, og því á mjög viðkvæmu svæði.
- Nr. 4 Hænsnakofinn er viðbyggður Tyrfingsstöðum í um 40 metra frá framkvæmdasvæðinu, og er því á mjög viðkvæmu svæði.
- Nr. 5 Fjárhúsið er í 20 metra fjarlægð frá fyrirhuguðu vegastæði á framkvæmdasvæðinu.
- Nr. 9 Fjárhúsið Hólhús er í fyrirhuguðu vegarstæði á framkvæmdasvæðinu og hverfur.
- Nr. 10 Hesthúsið er í um 30 metra fjarlægð frá vatnsyfirborðinu.
- Nr. 12 Landamerkjasteinninn fer undir vatn.
- Nr. 13 Réttin fer undir vatn.
- Nr. 14 Stekkurinn fer undir vatn.
- Nr. 15 Þvottalaugin fer undir vatn.
- Nr. 16 Lindin er rétt við vegastæði á framkvæmdasvæði.
- Nr. 17 Öskuhóllinn er rétt við vegastæði á framkvæmdasvæði.

Mat: Við framkvæmdir sem kunna að eiga sér stað í kringum bæinn á Tyrfingsstöðum, verður að gæta mikillar varúðar, ef mögulegt á að vera að varðveita staðinn í heild sinni. Öskuhóll er rétt við fyrirhugað vegastæði, og hann þarf að athuga ef til þess kæmi að röskun yrði kringum hann. Stekkurinn sem er niður við jökulsána hefur þá sérstöðu að vera hlaðinn milli kletta, og hefur aðeins þurft að hlaða tvær hliðar stekkjansins, sem ekki er algengt, og gefur það honum aukið varðveislugildi.

Bærinn og nánasta umhverfi hans er afar merkileg heimild um búsetu í torfbæ á 20. öld. Hann er séríslenskt fyrirbæri og á honum er arkitektúr sem á sér hvernig hliðstæðu. Síðasti ábúandi Tyrfingsstaða flutti þaðan árið 1969. Þá var búið að leiða síma og vatn í bæinn og nútíminn var sestur að. Það hvernig bærinn var lagaður að nútímanum gerir hann einnig að merkilegri heimild. Á Tyrfingsstöðum er enn hægt að sjá húsagerð og afstöðu milli bæjarhúsa og útihúsa, eins og var á býlum í margar aldir. Fyrirkomulag sem er jafn sjaldséð á Íslandi í dag, eins og það var algengt fyrir tæpri öld.

Sunnan við bæinn á Tyrfingsstöðum eru, sambyggð honum, hestarétt (áður fjárhús), fjós og fjárhús. Frammi á hlaði er fjárhús og í um 400 metra fjarlægð eru fjárhús dreifð á hæstu hóla á túninu. Má reikna með að það fyrirkomulag hafi gilt um aldaradur og að hólarnir hafi hækkað eftir því sem meira hlóðst á þá í gegn um aldirnar. Það er engin tilviljun hvar húsin standa, þau eru í hentugri fjarlægð, en spölur þó á milli, svo skepnur eru ekki alveg hver ofan í annarri á beit og það fennir síður að húsum á hólum.

Aðrar minjar eru heimild um búskaparhætti fyrri tíma og staðsetningu mannvirkja innbyrðis. Þær hafa ekki mikið varðveislugildi hver fyrir sig, þar sem samsvarandi er að finna víða annars staðar.

Með því að varðveita allt bæjarsvæðið haldast verðmæti heildarinnar. Annar kostur er að halda einstökum húsunum við, en eitt útihúsið lendir undir fyrirhuguðu vegarstæði, og þá glatast verðmæti heildarinnar. Þriðji kosturinn er að leyfa húsunum að hjaðna til moldar án afskipta mannsins. Þannig varðveitast a.m.k. leifar þeirra óskertar til framtíðarkynslóða.

Þessar minjar eru í mestri hættu vegna áætlaðra framkvæmda á **Keldulandi**:

- Nr. 24 Matjurtagarðurinn fer undir vatn.
- Nr. 25 Stekkurinn fer undir vatn
- Nr. 26 Fjánhúsið er í 30 metra fjarlægð frá fyrirhuguðu vatnsyfirborði.
- Nr. 27 Fjánhúsið er í 20 metra fjarlægð frá fyrirhuguðu vatnsyfirborði.

Mat: Minjar, sem vert væri að varðveita, eru stekkur, sem sýnir hvernig landslagið var notað sem umgjörð. Aðrar minjar eru heimild um búskaparhætti fyrri tíma og staðsetningu mannvirkja innbyrðis, en hafa ekki mikið varðveislugildi hver um sig, þar sem samsvarandi er að finna víða annars staðar.

Þessar minjar eru í mestri hættu vegna áætlaðra framkvæmda á **Stekkjjarflötum**:

- Nr. 29 Þvottalaugin/baðlaugin fer undir vatn
- Nr. 30 Matjurtagarðurinn er í jaðri fyrirhugaðs vatnsyfirborðs.

Mat: Minjar, sem vert væri að varðveita, eru þvottalaug/baðlaug. Þvottalaug/baðlaug hefur verið við þessa heitu uppsprettu a.m.k. frá 17 öld, og er merk fornleif. Baðlaugin er friðlýst vegna aldursákvæða í 16. grein þjóðminjalaga, 1989, nr. 88. Sjá 16. og 17. grein laganna á síðum 2 og 3 hér að framan. Matjurtagarðurinn hefur ekki verulega mikið gildi til varðveislu.

Þessar minjar eru í mestri hættu vegna áætlaðra framkvæmda í **Villinganesi**:

- Nr. 34 Matjuragarðurinn fer undir vatn.
- Nr. 35 Stekkurinn, Gamli stekkur við Klauf, er í jaðri flóðvegar.
- Nr. 36 Matjuragarðurinn fer undir vatn.
- Nr. 37 Bæjarstæðið á Hrauni er í 10 metra fjarlægð frá fyrirhuguðum flóðfarvegi.
- Nr. 38 Útihúsið er í 10 metra fjarlægð frá fyrirhuguðum flóðfarvegi.

Mat: Minjar þessar eru heimild um búskaparhætti fyrri tíma og staðsetningu mannvirkja innbyrðis, en hafa ekki mikið varðveislugildi hver um sig, þar sem samsvarandi er að finna víða annars staðar.

Könnun þessi miðast við þær upplýsingar og hönnunarforsendur sem liggja fyrir þegar þetta umhverfismat er gert. Ef mörk fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis breytast, verður að endurmeta fornminjar á því svæði og nánasta umhverfi þess.

Ekki vitað um fornminjar á svæði þar sem efnistaka er fyrirhuguð, en ef að annað kemur í ljós við efnistöku, verður að athuga það sérstaklega.

Sérstakar þakkir fyrir veitta leiðsögn og aðstoð til:

Kristínar Jóhannsdóttur, Tyrfingsstöðum
Stefáns Hrólfssonar og Hildigunnar Þorsteinsdóttur, Keldulandi
Sigurjóns Valgarðssonar, Villinganesi.
Rósmundar G. Ingvarssonar frá Hóli í Tungusveit.
Hjalta Pálssonar, Sauðárkróki.



